

Sögur Jóns Brandssonar

Einar [Einarsson] í Berjanesi í V-Landeyjum sendi Þórði Tómassyni í Skógum ýmsan fróðleik í tímaritið Goðastein. Handritið er varðveitt í Skógum. Eftirfarandi kaflar hafa ekki birst, etv. vegna þess að textinn þótti of klúr. Búið er að lagfæra greinamerkjasetningu, stafsetningu og orðfæri á stöku stað.

„Jón bóndi Brandsson í Vestra Fíflholti í Vestur-Landeyjum tók þar við jörð og búi eftir Brand hreppstjóra föður sinn um 1870 eða skömmu þar áður og var þar til 1892 eða 3. Jón byrjaði búskap á Kjalarnesi en skildi við konu þá er hann bjó þar með og fluttist að Fíflholti. Hann sagði ýmsar sögur af því hvað þar var margt ólíkt því sem gerðist í Landeyjunum bæði með snögg veðrabrigði og fleira.

Snögg veðrabrigði á Kjalarnesi

Hann byrjaði hverja sögu með þessum orðum: Það var þegar ég bjó á Kjalarnesinu fyrir vestan (og nú kom sagan) fór ég einu sinni einn á báti til Reykjavíkur að sækja þangað kú sem ég átti þar í austan þíðu veðri. Ég batt bátinn þar við bryggju meðan ég sótti kúna á þann stað sem hún var. Þegar ég kom þangað með hana sem báturinn var, var kominn stóra stormur. Þegar ég var að búa mig til fararinnar komu til mín vanir formenn úr Reykjavík og sögðu: Þú ferð ekki upp á Kjalarnes í þessu veðri Jón. Þá segi ég, við sjáum til. Ég veit hvað ég má bjóða bátnum. Og þar með set ég upp segl og legg frá landi og held sem leið liggur beint upp á Kjalarnes. En þegar ég er kominn langt áleiðis sigli ég upp á sker því ég sá það ekki fyrir sorta og sjódrifi. Ég færði bátinn í hlé við skerið, en verst átti ég með að koma kúnni upp í bátinn því hún var svo ódáða þung. En allt fór þetta vel og ég náði landi þar sem ég ætlaði mér. En þegar ég var búinn að brýna bátnum varð mér mál að pissa. Þá er hann kominn á norðan með svo miklu frosti að ég gat það ekki nema með því að ganga aftur á bak og boginn stóð á klöppinni þegar ég fór heim. Svona eru snöggar veðurbreytingar á Kjalarnesinu.

Rakalausú kertin

Einu sinni þegar ég bjó á Kjalarnesinu fyrir vestan fórum við nokkrir á báti út á Svið til að afla okkur soðningar til daglegra þarfa í logni og góðu veðri. En þegar við erum komnir á //ógreinilegt orð// fiskimið sjáum við að það flýtur eitthvað á sjónum. Við fórum að aðgæta hvað það væri og sáum að það voru þá vaxkerti og fórum að tína þau í bátinn. Af ákafanum í okkur vissum við ekki fyrr en hann var orðin meir en hálf hlaðinn. Þegar rann af okkur móðurinn fórum við að tala um hvað við ættum að gjöra við þennan afla. Þá segir einhver: Við skulum fara með hann til séra Þórarins í Görðum og vita hvort hann vilji ekki kaupa þetta af okkur? Það varð úr að

við rérum suður á Álftanes með þetta sem í bátnum var. Þegar þangað kom fundum við séra Þórarin og sögðum hvaða vöru við hefðum að bjóða. Hann varð alveg himinlifandi og keypti allan farminn af okkur því hann hafði svo mikið við ljós að gera maðurinn. En þegar átti að fara að kveikja á því var það ekki hægt því það var ekkert í því rakið, sem ekki var von því þettað var allt sæði úr gröðum hvölum. Svona getur margt verið til í sjónum sem maður þekkir og þekkir ekki.

Varð að ganga í pilsí

Einhverju sinni bar svo við að Guðmund Jónsson frá Vestur Fíflholtshjáleigu (þá ungur maður, síðar bóndi í Akurey) og Albert Arnoddarson bónda Norður Fíflholtshjáleigu, síðast í Káragerði, bar samtímis heim að Vestra Fíflholti. Hittist þá svo á að Jón bóndi var eitthvað að starfa að reipum og reiðingum í húsi því sem það dót var geymt í yfir sumarið. Sagði Jón þeim þá eftirfarandi sögu:

Þegar ég var á Kjalarnesinu fyrir vestan þá var þar einn maður sem var með svo fánalega stóran getnaðarlim að hann var hreint til sona, og tók [Jón] eina reiðingsdýnu og vafði henni saman og hengdi hana á milli fóta sinna. Til skýringar á frásögninni spyr Guðmundur. Þurfti hann ekki víðar buxur? Þá segir Jón: Mikið heliði spyrð þú fánalega maður. Auðvitað var hann alltaf í pilsí. Þá hló Guðmundur. Þá sagði Jón: Af hverju ert þú að hlæja Guðmundur (og var hinn alvarlegasti) ekki hlær Albert. Og hann maðurinn fór um allt Ísland að leita sér að konu sem væri við hans hæfi. Loksins fann hann eina undir Jökli sem passaði fyrir hann. Þau drógu sig saman og samfarir þeirra urðu góðar. Þar með sannast spakmælið þolinmæðin þrautir vinnur allar.

Góður búhöldur

Jón Brandsson í Fíflholti þótti góður búhöldur einkum fyrir það hvað allt var þar hreint og þokkalega umgengið. Einnig hafði hann heyhlöðu fyrir töðuna og annað kúahey sem ekki þekktist annars staðar. Hún var með skarsúð og svo þakin með torfi yfir henni eins og tíðkaðist með baðstofur og önnur bæjarhús sem vel var vandað til. Enn fremur má geta þess að hann átti svo gott hesta eða hrossakyn að það þótti bera af öðrum hrossum þar í sveit og þó víðar væri leitað. Líkleg hafa þau flest öll verið fædd rauðblesótt en urðu hvít með aldrinum. Þó mátti sjá fyrir hvítari blesu á nefinu á þeim heldur en skrokkurinn var þó hvítur væri. Líka voru þau með dökkar granir og svarta hófa og svo lík í gangi og vaxtarlagi að nú til tíðar mundu þau kölluð hreinræktuð. En mörg er búmanns raunin og ekki fór Jón varhluta af þeim heldur en aðrir. Nú segir Jón frá.

Gæðingur barinn til lífs

Eitt vor sem oftast um Jónsmessuleyti rak ég heim hrossastóðið mitt til þess að laga á því hófa og raka af því sem áður fyrr kallað var að skera mön. Þá vildi svo til að einn gráskjóttur foli tvævetur sem ég hafði mikið álit á datt

niður dauður utan við réttardyrnar og hann dó alveg. Ég vissi ekki vel hvað gera skyldi en fór þó heim í smiðju og sótti þangað þriggja ára gamla griðungssin og fór að berja hann með henni þangað til það var ekki eftir af henni nema það sem ég hélt eftir í hendinni. Í því stóð folinn upp. Þá varð mér litið í vestrið og þá var sólin að renna og það varð mikið góður hestur.

Einhvern tíma sagði Jón Brandsson þessa sögu og kannski oftast en einu sinni, því alla sem nærri voru fýsti að hlusta á frásagnir hans. Hann sagði frá öllum með svoddan ró og spekt.

Einu sinni vildi svo til eftir venjulegar haustlestir að ég varð að fara út á Eyrarbakka í áriðandi erindagjörðum. Ekki gerðist neitt sögulegt í ferð minni út á bakka en svo stóð á degi, þegar ég var búinn, að ljúka erindi mínu að jeg varð að gista á bakkanum um nóttina. Þá um kvöldið var áttin gengin til fjalls og farið að léttast til. Um morguninn eftir var kominn norðan strekkingur með talsverðu frosti. Ég réði af að fara upp //ógreinilegt orð// og yfir Þjórsá á Sandhólaferju því þá þurfti ég ekki að sundleggja hestinn nema einu sinni. Hefði ég farið yfir hana á Selparti hefði þurft að sundleggja hann líka í Háfsósnum. Þegar ég kom að Þjórsá á Sandhólaferju standa þar margir menn á eyrinni við ána. Þá segi ég: Af hverju standið þið hér menn? Þeir segja: Áin er ófær af ísskriði. Ekki trúi ég því segi ég og legg út í hana og fór undir ísskriðinu og hafði það gott. Þegar ég kom upp á eyrina hinum megin veifaði ég til þeirra og sagði: Svona eigið þið að hafa það piltar! Og þá var ég á þeim gráskjótta sem dó þegar hann var tvævetur.